



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/211
komudagur 23. 11. 2009

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2009

Efni: Umsögn FÍŚ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (EES-reglur, réttindi hluthafa), 70. mál, (Lagt fyrir á Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010).

I. Almennt um frumvarpið og efnislegar ábendingar

Vísað er til erindis háttvirtrar viðskiptanefndar Alþingis dagsett 10. nóvember 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍŚ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa).

FÍŚ telur að umrætt frumvarp feli í sér breytingar sem séu jákvæðar. Með frumvarpinu eru stjórnhættir ákveðinna félaga færðir til betra horfs sem verður að telja jákvætt. FÍŚ bendir hins vegar á að færa má sterk rök fyrir því að fleiri félög en þau sem frumvarpið tekur til kunnri að njóta góðs af slíkum endurbótum.

Með tilliti til þess lærdóms sem draga má af þróun viðskiptalífsins undanfarin misseri og breyttra viðhorfa í þjóðfélaginu kann því að vera eðlilegt að þær breytingar sem frumvarpið kveður á um taki til hlutafélaga í heild sinni en ekki einungis þeirra sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Vandséð er að takmörkun bættra stjórnháttanna eigi að einskorðast við svo þröngan hóp félaga eins og lagt er til í frumvarpinu. FÍŚ gerir það því að tillögu sinni að gildissvið umræddrar breytingar verði víkkað út til muna og látið ná til allra félegra yfir ákveðinni stærð.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2007/36/EB kemur ekki í veg fyrir að ríki geti lagt frekari skyldur á félög eða að þau geri frekari ráðstafanir til að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi þau sem tilskipunin kveður á um, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Vandaðir stjórnhættir fyrirtækja eiga ekki að vera forréttindi hluthafa í sérvöldum félögum. Þeir eiga að mati FÍŚ að vera almennir og verja sem breiðastan hóp hluthafa, kröfuhafa og almennra haghafa í íslenskum hlutafélögum.

Ákvæði um aukin réttindi hluthafa og aukið gagnsæi almennt geta að mati FÍŚ aðeins haft góð áhrif til framtíðar. FÍŚ þakkar fyrir að til þess hafi verið leitað en gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en að ofan greinir.



– fyrir íslenska verslun

II. Annað

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Harpa Samúelsdóttir iögfræðingur
f.h. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl.



– fyrir íslenska verslun



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P /38/209
komudagur 23.11.2009

Reykjavík 20. nóvember 2009
Tilv. FLE 38-2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur


Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa). 70. mál.

Með tölvupósti dags.10. nóvember s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Álitsnefndin tók málið síðan til umfjöllunar og taldi hún málið vera þess eðlis að félagið ætti ekki að taka afstöðu til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda


Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis
b/t viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. *P* 138/268
komudagur 25.11.2009

24. nóvember 2009
Tilvísun: 2009110029

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa), 70 mál

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts, frá 10. nóvember sl., þar sem viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa), í tengslum við innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2007/36/EB frá 11. júlí 2007.

Fjármálaeftirlitið vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Fjármálaeftirlitinu virðist sem tilskipunin taki einungis til félaga sem hafa hlutabréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði en ekki til þeirra félaga sem hafa einungis aðra fjármálagerninga tekna til viðskipta á slíkum markaði, s.s. skuldabréf. Í frumvarpinu er aftur á móti talað um félög sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Að mati Fjármálaeftirlitsins falla skuldabréfaútgjendur undir það orðalag. Því virðist Fjármálaeftirlitinu sem tilskipunin sé ekki rétt innleidd.

Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins má draga þá ályktun að verðandi 2. mgr. 88. gr. a laga nr. 2/1995 taki einungis til hluthafafunda sem eingöngu fara fram með rafrænum hætti en slíkt má ekki ráða af orðalagi frumvarpsins né viðkomandi ákvæði tilskipunarinnar.


Í 3. gr. frumvarpsins er í verðandi 1. mgr. 88. gr. b laga nr. 2/1995 vísað til frekari krafna skráningarríkis varðandi tilkynningu og birtingu fundarboðs. Virðist sem óþarft sé að hafa þessa tilvísun inni í frumvarpinu þar sem aðrar lagakröfur halda að sjálfsögðu gildi sínu þótt ekki sé vísað sérstaklega til þeirra.

Í 3. gr. frumvarpsins er í verðandi 1. mgr. 88. gr. b laga nr. 2/1995 kemur fram að óheimilt sé að kveða á um að einungis megi nota miðla sem starfræktir séu í einu ríki. Virðist sem óþarft sé að hafa framangreinda setningu í frumvarpinu þar sem ráða má af tilskipuninni að viðkomandi ákvæði hennar sé beint gegn ríkjum en ekki hlutafélögum. Þannig mega ríki ekki kveða á um slíkt í löggjöf sinni.


Að lokum vill Fjármálaeftirlitið benda á að frumvarpstextinn sé heldur tyrfinn að mati eftirlitsins. Fjármálaeftirlitið leggur því til eftirfarandi breytingar á frumvarpstextanum (sjá fylgiskjal 1).

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Gunnar Þ. Andersen



Arný J. Guðmundsdóttir

Tillögur Fjármálaeftirlitsins varðandi frumvarpstexta vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994 (innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007)

1. gr.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Einnig er heimilt að veita umboð með rafrænum hætti. Umboð gildir aldrei lengur en fimm ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla.

2. gr.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir kröfu um slíkt, skriflega eða með rafrænum hætti, til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

3. gr.

88. gr. a

Í félögum, með hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skal boða til hluthafafundar minnst þremur vikum fyrir fund.

Hluthafafundur getur ákveðið að boða skuli til hluthafafundar, þó ekki aðalfundar, minnst tveimur vikum fyrir fund hafi verið ákveðið að allir hluthafar geti greitt atkvæði rafrænt, sbr. 80. gr. a. Hluthafafundi þarf þá að boða almennt á Evrópska efnahagssvæðinu eða með tilkynningu til hluthafa á grundvelli hlutaskrár. Ákvörðun um framangreint skal tekin með þeim meirihluta sem þarf til breytingar á félagssamþykktum og skal hún eigi gilda lengur en til næsta aðalfundar.

Ef boðað er til eins eða fleiri framhaldshluthafafunda vegna skorts á ályktunarhæfni á hluthafafundi þarf ekki að fara að lágmarksfresti 1. og 2. mgr. Slíkt er þó háð því að fyrsti fundurinn hafi verið boðaður lögum samkvæmt, nýju atriði eigi verið bætt á dagskrá og að tíu dagar líði að lágmarki milli síðasta fundarboðs og dagsetningar framhaldshluthafafundarins.

88. gr. b

Fundarboð samkvæmt 88. gr. a skal gefið út á þann hátt að tryggður sé skjótur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Skylt er að nota trausta miðla er tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu.

Sé félagi skylt að senda hluthöfum skráðum í hlutahafaskrá fundarboð þarf ekki að fara að 1. mgr. varðandi notkun miðils.

Óheimilt er að innheimta sérstaklega kostnað vegna útgáfu fundarboðs samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr.

88. gr. c

Í fundarboði skv. 88. gr. a skal a.m.k. greina:

1. Fundarstað, fundartíma, og drög að dagskrá, sbr. nánar 83. gr., 84. gr., 85. gr., og 3. mgr. 88. gr.
2. Reglur varðandi þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi, settar fram á skýran og nákvæman hátt. M.a. skulu koma fram upplýsingar um eftirfarandi:
 - a. Rétt hluthafa til að fá mál tekið á dagskrá hluthafafundar og leggja fram ályktunartillögur, sé slíkt unnt eftir útgáfu fundarboðs, sbr. 86. gr., 88. og 89. gr., svo og spyrja spurninga, sbr. 5. mgr. 80. gr. a., auk fresta til að nýta framangreind réttindi. Þó nægir að greina einungis frá frestum ef í fundarboði er vitnað til nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er finna má á heimasíðu félagsins.
 - b. Reglur um atkvæðagreiðslur fyrir atbeina umboðsmanns, eftir atvikum eyðublöð vegna slíkrar atkvæðagreiðslu og á hvaða hátt félagið sé reiðubúið að samþykkja rafrænar tilkynningar; og
 - c. Reglur um skriflegar og rafræna atkvæðagreiðslu eftir því sem við á, sbr. 80. gr. a og 82. gr.
3. Hvar og hvernig megi nálgast óstytta texta skv. 3. og 4. tl. 1. mgr. 88. gr. d.
4. Veffang, þar sem finna má upplýsingar skv. 88. gr. d.

88. gr. d

Félag, með hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skal veita hluthöfum sínum upplýsingar um eftirfarandi atriði á vef félagsins, er skulu vera aðgengilegar í 21 dag samfelld fyrir hlutahafafund auk fundardagsins:

1. Fundarboð skv. 88. gr. a.
2. Heildarfjöldi útgefinna hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, sundurliðað eftir flokkum ef við á.
3. Skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund.
4. Tillögu til ályktunar er leggja á fyrir hluthafafund. Sé ekki um að ræða slíka tillögu skal greina frá athugasemdum þar til bærra aðila innan félags, sem tilnefna skal lögum samkvæmt, fyrir hvern lið fyrirhugaðrar dagskrár. Auk þess skal greina frá tillögum til ályktunar er einstakir hluthafar hafa komið á framfæri við félagið, eins fljótt og unnt er eftir móttöku þeirra.
5. Eyðublöð sem hluthafar og umboðsmenn þeirra skulu nota við atkvæðagreiðslu, séu þau ekki send hverjum hluthafa.

Fjármálaeftirlitið
Fylgiskjal 1

Sé ekki unnt að setja inn eyðublöð skv. 5. tl. 1. mgr. vegna tæknilegra ástæðna skal félagið greina frá því á vef sínum hvar nálgast má eyðublöðin. Í þeim tilvikum skal félagið senda eyðublöðin í pósti hverjum þeim hluthafa sem þess óskar, viðkomandi að kostnaðarlausu.

Sé fundarboð vegna hluthafafundar gefið út síðar en þremur vikum fyrir fund, sbr. 2. og 3. mgr. 88. gr. a, skal frestur skv. 1. mgr. stytast sem því nemur.

Birta skal úrslit kosninga innan fimmtán daga frá hluthafafundi, á vef félagsins, nema ákveðið hafi verið að veita ítarlegri upplýsingar um atkvæðagreiðslur.

88. gr. e

Fjármálaeftirlitið getur undanþegið rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða ákvæðum 88. gr. a-d.

4. gr.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Einnig er heimilt að veita umboð með rafrænum hætti. Umboð má afturkalla hvenær sem er.

5. gr.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir kröfu um slíkt, skriflega eða með rafrænum hætti, til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Alþingi
Erindi nr. P 138/113
komudagur 13.11.2009



Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.11.2009
200910584
60.12
EJ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutfélög og lögum um einkahlutfélög (réttindi hluthafa), 70. mál.

Íbúðalánasjóður tekur ekki afstöðu til frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt,

Einar Jónsson hdl.

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/210
komudagur 23. 11. 2009

NASDAQ OMXSM

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 20. nóvember 2009
Tilvísun 111
ÁSK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, 70. mál

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis frá 10. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (EES-reglur, réttindi hluthafa), 70. mál

Kauphöllin gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Arnína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.

Alþingi
Erindi nr. P 138/112
komudagur 12.11.2009

Alþingi, viðskiptanefnd
vt. Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. nóvember 2009 02-2009110264
T-ums 43/09

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög - 70. mál, þskj. 70.

Ríkisskattstjóri hefur þann 10. nóvember 2009 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög - 70. mál, þskj. 70.

Frumvarpið hefur að geyma innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum. Tilskipunin hefur að geyma reglur sem miða að því að auka réttindi og áhrif hluthafa í félögum sem hafa fjármálagerninga sína í viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði. Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að leitast sé við að skapa jafnræði með hluthöfum, einkum innlendum og erlendum.

Að mati ríkisskattstjóra er ekki ástæða til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst

Skúli Eggert Þórðarson Guðrún J. Jónsdóttir



Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. nóvember 2009

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (EES-reglur, réttindi hluthafa) 70. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Samtökin vilja benda á að skoða þurfi betur innleiðingu á 3. og 4. tl. 6. gr. tilskipunarinnar þar sem segir að aðildarríki skuli kveða á um einn frest með tilliti til tilskilins dagafjölda fyrir aðalfund eða fundarboð, þar sem hluthöfum er heimilt að nýta sér þann rétt að setja mál á dagskrá aðalfundar eða leggja fram drög að ályktunum.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir lagabreytingu vegna ofangreindra ákvæða tilskipunarinnar og er væntanlega litið svo á að í íslenskum lögum séu nú þegar til staðar ákvæði sem tryggja sambærilegan rétt.

Í 86. gr. laga um hlutafélög segir að hver hluthafi geti fengið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi geri hann um það kröfu með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Þá segir í 88. gr. að viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skuli dagskrá og endanlegar tillögur vera hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og send þeim skráðum hluthöfum sem þess óska. Af þessum ákvæðum verður dregin sú ályktun að hluthafi verði að koma kröfu sinni um að fá mál á dagskrá aðalfundar a.m.k. viku fyrir aðalfundinn.

Samtökin telja að skýrara og betur fallið að anda tilskipunarinnar að kveðið væri á um í frumvarpinu að hluthafar gætu nýtt sér rétt sinn til að setja mál á dagskrá aðalfundar eða leggja fram drög að ályktunum innan tiltekins dagafjölda fyrir aðalfund.

Ólíkt löggjöf ýmissa landa er ekki kveðið á um í íslenskum hlutafélagalögum að réttindi hluthafa til að taka þátt í aðalfundi og greiða atkvæði með tilliti til eignarhalds á tilteknum degi fyrir aðalfund heldur er miðað við að skráning í hlutaskrá sé forsenda þess að hluthafar geti nýtt sér réttindi sín. Í lögum er þó ekki kveðið skýrt á um þetta atriði og því geta komið upp ýmis ágreiningsmál ef hlutar í félögum skipta um hendur á síðustu stundu fyrir aðalfund. Væri hægt að koma í veg fyrir slíkt með skýrari



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

löggjöf um þetta atriði og leggja samtökin til að þetta atriði verði jafnframt skoðað af ráðuneytinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

Alþingi
Erindi nr. þ 138/679
komudagur 11.12.2009



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 10. desember 2009

Efni: Breytingartillaga við frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn) 70. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál, eftir að hafa mætt á fund viðskiptanefndar Alþingis þann 9. desember sl. þar sem mál þetta var til umræðu.

Ofangreind breytingartillaga felur það í sér í stuttu máli að verið er að lögfesta kynjakvóta í stjórnir einkahlutafélaga og hlutafélaga hér á landi, þannig að hlutfall hvors kyns sé ekki minna en 40%.

Undirbúningur málsins

Að mati SA skýtur það skökku við að jafn stórt mál og þetta mál sannarlega er fyrir atvinnulífið, þ.e.a.s. fyrir hluthafa einkahlutafélaga og hlutafélaga hafi ekki hlotið eðlilegan undirbúning og meðferð fyrir Alþingi. Efnisatriði það sem breytingartillaga þessi gengur út á hefur ekki hlotið nokkra meðferð hjá því ráðuneyti sem fer með umræddan málaflokk né hefur nokkuð samráð átt sér stað við atvinnulífið. Hefði verið eðlilegt að lagt hefði verið fram sérstakt frumvarp um kynjakvóta í stjórnnum sem þá hefði fengið mun vandaðri málsmeðferð en ella.

Samstarfssamningur SA, FKA og VÍ

SA vill vekja sérstaka athygli á því að í maí 2009 skrifuðu samtökin ásamt Félagi kvenna í atvinnurekstri (FKA) og Viðskiptaráði Íslands upp á samstarfssamning þar sem þessir aðilar ætla sér að ná því markmiði að fjölga konum í forystusveit íslensks viðskiptalífs þannig að hlutfall hvors kyns verði ekki undir 40% í árslok 2013. Fulltrúar allra flokka sem sæti eiga á Alþingi studdu samninginn með undirritun sinni. SA hefur nú hafið mikla vinnu í að ná þessu markmiði og biður um að fá tækifæri til að reyna að ná því áður en löggjafinn grípur inn í með lagasetningu.

Til hvaða félaga nær frumvarpið?

Með frumvarpinu er ekki bara verið að lögfesta kynjakvóta í stjórnnum félaga á skráðum verðbréfamarkaði eða hjá hlutafélögum, heldur einnig einkahlutafélögum. Er slíkt einsdæmi í allri veröldinni. Með þessu skrefi yrði því gengið miklu lengra en gert hefur verið í Noregi sem er þó sú löggjöf sem lengst gengur í heimi í lögfestingu kynjakvóta í stjórnnum félaga. Í því samhengi er rétt að minna á að í landinu starfa nú 789 hlutafélög en 30.694 einkahlutafélög. Eru 2/3 hlutar allra einkahlutafélaga með einungis 1 stjórnarmann í dag og er því ekki mögulegt að setja kynjakvóta á slík félög.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Neffang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



Þegar lögfestur var kynjakvóti í Noregi taldi norska ríkisstjórnin að það væri óeðlilegt að lögfesta kynjakvóta í einkahlutafélögum í ljósi þess að flest einkahlutafélög í Noregi eru lítil fjölskyldufyrirtæki þar sem eigendurnir eru einstaklingar sem sjálfir sitja í stjórn. Hins vegar var talið að slík sjónarmið ættu ekki við um hlutafélög þar sem slík félög eru venjulega í eigu mun fleiri hluthafa sem hafa hver um sig mun minni áhrif á stjórnina. Skv. rannsóknunum norsku hagstofunnar áttu 99,9% þeirra einstaklinga sem áttu hlut í hlutafélögum minna en 1% hlut í viðkomandi félagi, sem sýndi að norsk hlutafélög eru aðallega í eigu annarra félaga og að þeir einstaklingar sem eiga hlut í hlutafélögum eiga mjög litla hluti. Þótt SA hafi ekki gert á því sérstaka rannsókn er líklegt að sambærilegar aðstæður séu að miklu leyti til staðar hér á landi.

Mikilvægt er að skýr greinarmunur sé á þeim lagareglum sem gilda annars vegar um einkahlutafélög og hins vegar um hlutafélög. Ætti löggjafinn að hafa í huga að æskilegt sé að lagaramminn um einkahlutafélög sé sem sveigjanlegastur og að hann henti félögum sem eru í eigu fárra aðila en að lög um hlutafélög myndi skýran ramma utan um félagafarm þar sem eigendur eru margir og oft ótengdir stofnendum félagsins eða þeim sem hjá því starfa. Varhugavert er að þessi félagafarm séu svo lík hvort öðru að það skipti litlu máli fyrir félögin eftir því hvaða lagaramma þau starfa.

Stærðarmörk

Stærðarmörk breytingartillögunnar eru mjög ógegnsæ. Þ.e.a.s. að það dregur úr skýrleika frumvarpsins um það hvaða fyrirtæki falla undir kynjakvóta með því að vísa í tilteknar greinar laga um ársreikninga. Í stað þess að vísa í ársreikningalög væri betra að það kæmi fram í frumvarpinu sjálfu til hvaða fyrirtækja ákvæðið nær.

Rétt er sérstaklega að benda á þýðingu þess að sem tilvísun breytingartillögunnar er til 1. – 3. mgr. 98. gr. ársreikningalaga. Í 3. mgr. umræddrar lagagreinar er mælt fyrir um að ef félag hefur ekki hömlur á viðskiptum með eignarhluti skuli það kjósa sér a.m.k. einn endurskoðanda. Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum falla félög sem ekki hafa ákvæði um forkaupsrétt undir kynjakvóta, burtséð frá stærð þeirra hvað varðar veltu, tekjur og ársverk.

Þá er einnig erfitt að sjá hvernig Fyrirtækjaskrá á að hafa eftirlit með því að rétt fyrirtæki séu að fylgja ákvæðinu, en venjulega er ekki að finna tölur um veltu í samandregnum ársreikningum sem sendar eru Ársreikningaskrá.

Áhrif á minnihlutavernd

Engan veginn er ljóst hvernig ákvæði breytingartillögunnar koma til með að spila saman við hið séríslenska ákvæði laga um hlutafélög og einkahlutafélög um margfeldiskosningu og hlutfallskosningu (einungis í hf. ekki í ehf.).

Samkvæmt lögnum skal meirihlutakosningu beitt við kosningu í stjórnir nema samþykktir félags kveði á um annað. Þá geta hluthafar sem hafa yfir að ráða 1/5 hluta atkvæðisréttar í félagi krafist þess að það fari fram margfeldiskosning eða hlutfallskosning. Ef meirihlutakosningu er beitt getur hluthafi sem hefur meirihluta atkvæða í félagi fengið alla stjórnarmenn félagsins. Hins vegar hefur reglan um margfeldis- og hlutfallskosningu þau áhrif að hún gefur minnihlutahluthöfum



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

möguleika á að ná manni í stjórn og veitir minnihlutahluthöfum því mikla vernd. Er reglu þessari beitt mun meira hér á landi en maður hefði haldið fyrirfram en skv. könnun sem gerð var meðal stjórnarmanna í skráðum félögum fyrir nokkrum árum var margfeldiskosningu beitt í 12,2% tilvika og hlutfallskosningu í 19,5% tilvika. Þá hefur reglan einnig mikil óbein áhrif þar sem oft er samið um það fyrirfram að minnihluti hluthafa nái manni í stjórn.

Þar sem reglan um margfeldis- og hlutfallskosningu er séríslensk regla verður ekki hægt að líta til Noregs varðandi fyrirmynd um lögsetningu kynjakvóta. Mjög mikilvægt er að staðinn sé vörður um þá mikilvægu minnihlutavernd sem þessi séríslenska regla felur í sér.

Ákvæði frumvarpsins um að ef ekki náist viðhlítandi niðurstaða í kosningu megi samþykkja nauðsynlega breytingu með nýrri ákvörðun hluthafafundar, er mjög óskýr og segir í raun ekki neitt um hvernig leysa eigi þau vandamál sem koma upp í tengslum við margfeldis- og hlutfallskosningu. Leggja SA það til að þetta atriði verði skoðað gaumgæfilega af sérfræðingum í félagarétti áður en lengra er haldið.

Viðurlög

Ekkert er kveðið á um viðurlög í frumvarpinu og því verður að telja mjög óljóst hvað verði um þau félög sem ekki framfylgja lögnum. Verður að varast slíkan óskýrleika í löggjöf.

Að öðru leyti vísa Samtök atvinnulífsins til fyrri umsagnar sinnar um þetta sama lagafrumvarp og þau sjónarmið sem fulltrúar SA hafa reifað á fundum viðskiptanefndar Alþingis.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.



Alþingi
Erindi nr. P 138/267
komudagur 25.11.2009

23. nóvember 2009

SI-56837

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Með tölvupósti, dags. 10. nóvember 2009, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (EES-reglur, réttindi hluthafa), 70. mál.


Frumvarpið felur í sér frekari innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum. Árið 2006 voru viss ákvæði tilskipunarinnar innleidd, t.d. ýmis ákvæði um rafræna hluthafafundi, sbr. lög nr. 89/2006 og svipuð ákvæði þá sett um einkahlutafélög, sbr. lög nr. 93/2006. Tilskipunin var tekin upp í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 59/2008 frá 25. apríl 2008.

Helsta breyting frumvarpsins er að lágmarksfrestur til boðunar hluthafafunda, í hlutafélögum sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, er lengdur úr einni viku í þrjár vikur (21 dag). Ennfremur lýtur efni frumvarpsins m.a. að því að auka réttindi og áhrif hluthafa og skapa jafnræði með hluthöfum, hvort heldur innlendum eða erlendum, varðandi þátttöku í hluthafafundum og atkvæðagreiðslu í umræddum félögum. Hins vegar skal þess getið að svo virðist sem íslenska þýðingin á umræddri tilskipun sé ekki rétt að því leyti að enska orðið "general meeting" hefur verið þýtt sem „aðalfundur“, en ætti að mati bankans að vera þýtt sem „hluthafafundur“ samanber umrætt frumvarp.

Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins enda um frekari lögleiðingu á tilskipun að ræða sem þegar hefur verið tekin upp í EES samninginn.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi
Erindi nr. P 138/151
komudagur 17.11.2009

SVP

Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Skrifstofa Alþingis,

Nefndasvið


Austurstræti 8-10, Reykjavík

12. nóvember 2009

Efni: umsögn um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa).

Samtök verslunar og þjónustu (SVP) hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Það er mat SVP að ekki sé ástæða til að gera athugasemdir við frumvarpið í núverandi mynd. Frumvarpið felur í sér að réttur hluthafa verður skýrari en jafnframt meiri en áður, ásamt því að jafnræði hluthafa er aukið. Þetta er jákvætt í alla staði.

F.h. SVP


Ólafur Reynir Guðmundsson
Lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/291
komudagur 26.11.2009



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttir
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög – réttindi hluthafa (70. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lögð er til innleiðing á tilteknum ákvæðum tilskipunar 2007/36/EB um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs